

Reykjavík, 26. maí 2020
BB/esBorgarstjórinn í Reykjavík
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík**Efni: Aðgerðir Orkuveitu Reykjavíkur til viðspyrnu vegna Covid-19**

Orkuveitu Reykjavíkur hefur borist erindi Reykjavíkurborgar, dags. 6. apríl sl., þar sem óskað er upplýsingum „um hvernig Orkuveita Reykjavíkur hyggst útfæra niðurfellingu eða lækkun gjalda, eins og við á, ásamt flýtingu fjárfestinga og auknum viðhaldsverkefnum á þessu ári og til næstu ára.“

Orkuveita Reykjavíkur hefur ákveðið að auka fjárfestingar fyrirtækja innan samstæðunnar á árinu 2020 um 2 milljarða og gert er ráð fyrir að auka fjárfestingar um 4 milljarða á árinu 2021. Það kemur þó til endanlegrar samþykktar við gerð fjárhagsáætlunar í haust.

Á fundi stjórnar OR þann 8. apríl sl. var m.a. bókað:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að auka fjárfestingar hjá OR samstæðu um 2 ma.kr fyrir árið 2020 og að stefnt sé að því að auka fjárfestingar hjá OR samstæðu um allt að 4 ma.kr. á árinu 2021, sem kemur aftur til afgreiðslu við gerð fjárhagsspár í haust. Í tillögunni felst breyting á samþykkti fjárhagsáætlun ársins 2020, sem samþykkt var í stjórn á SF280 þann 30. september 2019.

Samtals áætlaðar fjárfestingar fyrir árið 2020 verða því 19,7 ma.kr. og árið 2021 22,7 ma.kr.

Stjórn Veitna og félagsfundur Vatns- og fráveitu samþykkti sömu fjárfestingar 8. apríl s.l. fyrir sitt leyti eða 1.140 milljónir í Veitum og 860 milljónir króna í Vatns- og fráveitu. Einnig var haldinn fundur með fulltrúum eigenda þann 30. mars s.l. þar sem mismunandi sviðsmyndir og auknar fjárfestingar voru kynntar. Ekki hefur ekki verið fjallað um einstakar fjárfestingar og þær hafa ekki verið samþykktar sérstaklega, þó hefur verið lögð fram áætlun að fjárfestingum á þjónustusvæði Veitna. Lagt er upp með að þær framkvæmdir sem ráðist verður í séu mannfrekar. Helstu framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru:

Rafvæðing innviða og hafna	1.100 milljónir
Húsnæði Veitna á Akranesi	500 milljónir
Húsnæði Veitna í Hveragerði	300 milljónir
Snjallmælaverkefni	500 milljónir
Endurnýjun stofnlagna	560 milljónir
Gvendarbrunnar	200 milljónir
Stækkun á Varmastöð	300 milljónir
Blöndunarstöð Hveragerði	250 milljónir
Nesjavallaáæð	180 milljónir
Hitaveita Akraness og Borgarn.	180 milljónir
Önnur verkefni	1.930 milljónir
Samtals	6.000 milljónir

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hafði ákveðið á fundi sínum þann 12. mars sl. að leggja til við aðalfund að arðgreiðslur vegna ársins 2019 yrðu 1750 milljónir króna. Í ljósi stöðunnar var þeirri ákvörðun breytt og eftirfarandi ákvörðun tekin á fundi stjórnar þann 8. apríl sl.:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 3.000 milljónir króna eða tæplega 1,6% af eigin fé í árslok 2019.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu

Framangreind tillaga var samþykkt á aðalfundi þann 24. apríl sl.

Virðingarfyllt,



Bjarni Bjarnason
forstjóri